

## Heimboð

Við nýir ábúendur í Brúnagerði í Fnjóskadal höfum innréttað saumastofu, verslun og vísi að kaffihúsi í Lengjunni (minkahúsinu) þar sem við framleiðum eigin vörur undir merkinu Gjóska. Viljum við að því tilefni bjóða ykkur heim fimmtudaginn 11. febrúar frá kl. 17-20, þiggja léttar veitingar og kynna ykkur þá starfssemi sem fram fer í Brúnagerði.

Kveðja  
Beggi, Birna og börnin.

## Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum **fyrir kl. 15:00.** 😊

**ATH!**  
Verð á auglýsingum  
frá og með .10 janúar 2016

Verð hálsíðu er.      kr.3.200.-m.vsk  
Verð heilsíðu er      kr.4.300.- m.vsk

*[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)—895-3386*



## Kynningarfundir um breytt fyrirkomulag sorphirðu í Pingeyjarsveit

Kynningarfundir verða haldnir fyrir íbúa um breytt fyrirkomulag sorphirðu í Pingeyjarsveit sem tekið verður upp á þessu ári. Á fundinum mun sveitarstjóri ásamt fulltrúa frá Gámaþjónustu Norðurlands segja frá innleiðingu á nýju flokkunar- og endurvinnslukerfi og svara fyrirspurnum. Upplýsingabæklingur er nú þegar aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins um úrgangsmál og endurvinnslu. Bæklingurinn hefur einnig verið sendur út til allra íbúa.

Fundirnir verða haldnir á eftirtöldum stöðum:

**Kiðagili, þriðjudaginn 9. febrúar kl. 20:00**

**Stórutjarnaskóla, miðvikudaginn 10. febrúar kl. 20:00**

Íbúar eru eindregið hvattir til að mæta, fá svör við fyrirspurnum og hafa tækifæri á að koma sínum skoðunum á framfæri.

Sveitarstjóri

## Porrablót Ljósvetninga

verður haldið í Ljósvetningabúð  
laugardagskvöldið 13. febrúar 2015

Borðhald hefst kl 20:30

Húsið opnar kl 19:45



Hljómsveitin „1 og 70“ leikur fyrir dansi

Miðaverð 3.000 kr. Aldurstakmark 16 ára

Diskar og glös verða á borðum

en takið með ykkur hnífapör og drykki

**Pátttaka tilkynnist fyrir kl 19:00**

**miðvikudagskvöldið 10. feb.**

**Hávar: 464-3377 / 867-3309**

**Berglind: 588- 5888/ 899-9262**

**Dagný: 464-3366/ 895-3386**



Athugið sérstaklega að þar sem einungis er leyfilegt að hafa 250 manns í húsinu á

þorrablótum er fólk

vinsamlegast beðið um að stilla gestafjölda í hóf.

Fólk er hvatt til að greiða miða í heimabanka inn á reikning

**nr. 1110-05-400001, kt. 010465-3039**

til og með föstudegi

12. febrúar. Þeir sem það gera þurfa að sýna kvittun í miðasölunni. Annars verða miðar seldir við innganginn en **athugið að enginn posi er á staðnum.**

Nefndin



5. tbl.  
4. febr  
2016  
23. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## Frá Þingeyjarskóla og Bókasafni Aðaldæla

Þingeyjarskóli og Bókasafn Aðaldæla auglýsa formlega opnun á bókasafni í húsnæði Þingeyjarskóla þriðjudaginn 9. febrúar kl. 14:00. Íbúar sveitarfélagsins eru hvattir til þess að fagna þessu með okkur.

Ýmislegt verður á dagskrá í tilefni opunarinnar.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Nemendur og starfsfólk.

## Aðalfundur Búnaðarfélags Aðaldæla

verður að Ýdölum n.k. þriðjudag 9. febr. kl. 20:15.

Venjuleg aðalfundarstörf. Að þeim loknum mun

Sigurgeir Hreinsson framkvæmdastjóri  
BSE verða með erindi um

Bjargráðasjóð o.fl.

Bændur! Látið ykkur ekki vanta á þennan fund.

Stjórnin.